



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Rafvirki - rafvirkjun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Electrician

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- setur upp og hefur eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í byggingum, skipum, bátum og raforkudreifikerfum, í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla
- annast viðhald rafvéla og raftækja ásamt nýlögnum og rekstri rafkerfa í farartækjum á sjó og landi
- les raflagnateikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds rafbúnaðar. Getur útskýrt virkni búnaðarins út frá teikningunum og magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim
- þekkir búnað raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa og getur annast uppsetningu þeirra og viðhald
- hefur grunnþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði tölvukerfa, þekkir helstu hugtök er varða lýsingartækni og getur ákvarðað lýsingarþörf við mismunandi aðstæður
- getur notað viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmt bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði og raflögnum
- tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnaráðstafanir í rafiðnaði og þekkir tengsl við eftirlitsstofnanir vegna eftirlits og öryggismála
- sýnir fagmennsku og getur viðhaldið faglegri þekkingu sinni
- getur greint hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og leiðbeint öðrum
- þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Rafvirkjar starfa á verkstæðum, í nýbyggingum, í farartækjum á sjó og landi, í heild- og raftækjaverslunum, iðnfyrirtækjum eða iðjuverum við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og eftirlit með rafbúnaði til vinnslu og dreifingar á raforku, raftækjum og rafkerfum. Rétt til starfa í rafvirkjun eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í rafvirkjun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: leið 1 - nám í skóla í sjö annir, námstími samtals 126 vikur að próftíma meðtöldum og vinnustaðanám er samtals 36 vikur; leið 2 – nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur og 96 vikna vinnustaðanám . Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
